

Til aðildarfélaga A.S.I.

A ráðstefnu um kjör láglaunakvenna<sup>1)</sup> sem haldin var á Hótel Loftleiðum 16. maí 1976, var gerð eftirfarandi ályktun:

"Ráðstefnan fordæmír þá breytingu, sem gerð var á lögunum um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarstofnana, að fella niður hlutdeild ríkissjóðs í rekstrar-kostnaði stofnananna og telur það stórt skref aftur á bak. Ráðstefnan telur, að varanleg lausn á uppyggingu nægilega margra dagvistunarstofnana fáist ekki nema ríki og sveitarfélög stofni þau og reki eins og aðrar uppeldisstofnánir eins og skóla þjórfélagsins, svo öll börn geti átt aðgang að þeim. Ennfremur telur ráðstefnan óskilegt, að stéttarfélögini beiti sér fyrir því, að tekið verði inn í kjarasamninga beirra, að atvinnurekendur greiði ákveðið gjald í byggingarsjóð dagvistunarstofnana til að flýta fyrir framkvæmdum."

I framhaldi af þessari ályktun var stofnaður undirbúnings-starfshópur til að skipuleggja kynningu á dagvistunarheimilum í fjöldum og vinna að því að fá ákvæði inn í kjarasamninga um ákveðna greiðslu í dagvistunarsjóð.

Við viljum minna á yfirlýsingu, sem gerð var í febrúar 1974 og hljóðar svo:

"Samningsaðilar eru sammála um að beita sér fyrir því, að þjónusta barna- og skólaheimila verði aukin og framkvæmd bannig, að þau nýtist starfsfólki við framleiðslustörf betur en nú er.

Reykjavík, 26. febrúar 1974.

F.h. Verkamannasambands Isl. F.h. Vinnuveitendasambands Isl.

Eðvarð Sigurðsson (sign) Jón H. Bergs (sign)  
Hermann Guðmundsson (sign) Ólafur Jónsson (sign)"

1) Fyrir ráðstefnu um kjör láglaunakvenna stóðu auk Rauðsokkahreyfingarinnar, löja, félag verksmiðjufólks, Starfssstúlknafélagið Sókn, Verlakvennafélagið Framsókn, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði, ASB, félag afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbíðum, Starfsmannafélag ríkis-stofnana og Ljósmyndrafélag Íslands.

Framundan er 33. þing A.S.I., dagana 29. nóvember til 3. desember n.k. Hefur starfshópurinn því afráðið að leita til allra stéttarfélaga innan A.S.I. til að kynna hugmyndina og fá hana rædda hjá stjórnum og trúnaðarráðum félaganna.

Væntum við þess að sem flest félög sýni stuðning sinn með því að gera samþykkt og senda hana til miðstjórnar A.S.I. sem allra fyrst en eigi síðar en sex vikum fyrir þing til að knýja á um framgang þessa hagsmunamáls alþýðu. (Okkur þætti vænt um að fá sent afrit af samþykktinni.)

Sífellt fleiri börn eiga foreldra, sem báðir vinna utan heimilis. I álíti frá ráðstefnu um kjör láglaunakvenna kemur fram að eðlilegra er að jafnaði, að börn séu á dagvistunarstofnunum nærri heimilum, fremur en í tengslum við vinnustaði foreldra.

Starfshópurinn telur að það ófremdirástand, sem nú ríkir í þessum málum, vari um langan aldur nema verkalyfshreyfingin beiti sér fyrir úrbótum í kjarasamningum.

Dað er einlag von okkar að þið styðjið málið.

Reykjavík, 18. sept. 1976.

F.h. Starfshóps um dagvistunarmál

Elísabet Sveinsdóttir  
(Verkakv.fél. Framsókn)

Bergljót Stefánsdóttir  
(V.R.)

Rannveig Jónsdóttir  
(Rauðsokkahreyf.)

Starfshópur um dagvistunarmál,  
c/o Rauðsokkahreyfingin,  
Skólavörðustíg 12,  
Reykjavík.